

Mál nr. 48/2009

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ kynbótahryssutryggingar.**

Kynbótahryssa gat ekki gengið með fylfi alla meðgöngu og því ekki nýtanleg til kynbóta.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 2.2.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.2.1009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í júní 2008 keypti M kynbótahryssutryggingu fyrir hryssu hjá vátryggingafélaginu X. Í vátryggingunni felst m.a. svokölluð afnotamissistrygging, en skv. gr. 2.1 í skilmálum, sem um þá vátryggingu gilda, greiðast bætur ef hin vátryggða hryssa er úrskurðuð ónothæf til ræktunar í kjölfar sjúkdóms eða slyss og eru hin bótaskyldu tilvik nánar tilgreind í gr. 2.1. til 2.1.12.

Sumarið 2008 gekk hryssan með fylfi eftir að hún hafði verið með stóðhesti í júní það ár. Samkvæmt vottorði dýralæknis, dags. 1.11.2008, staðfestist að hryssan hafði látið fylfið, en það hafði áður greinst með sónar. Í þessu sama vottorði kom fram að hryssan hafði einnig misst fyl, sem höfðu greinst með sónar, árin 2004, 2006 og 2007. Miklar líkur voru á að hún gæti ekki gengið með fylfi alla meðgöngu og sé því ekki nýtanleg til kynbóta.

M hefur krafist bóta úr framangreindri afnotamissistryggingu sökum þess að hún telst ónothæf til ræktunar.

Álit.

Samkvæmt fyrirbyggjandi málgögnum liggur ekkert fyrir um það að hin vátryggða hryssa hafi orðið ónothæf til ræktunar vegna sjúkdóms- eða slysatilviks sem nánar eru tilgreind í gr. 2.1.1 til 2.1.12 í skilmálum tryggingarinnar. Það er nauðsynlegt skilyrði svo um bótaskyldu geti verið að ræða að eitthvert þessara tilvika hafi verið til staðar og vangeta hryssunnar til að ganga með fylfi verði rakin til þess. Fyrst svo er ekki hefur ekki stofnast bótaréttur afnotamissistryggingunni.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík, 10. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.